

Sé dvalið skemur en 3 vikur á sama stað er heimilt að draga frá fulla almenna. Sé dvalið 3 vikur eða lengur á sama stað er heimilt draga frá fulla almenna dagpeninga fyrstu vikuna en síðan þjálfunar-, náms- eða eftirlitsdagpeninga. Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 3 mánuðum skal frádráttur vegna þjálfunar-, náms- og eftirlitsdagpeninga lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er lengur en 3 mánuði.

Hafi gisting launþega verið greidd samkvæmt reikningi er honum einungis heimilt að draga fjárhæð samsvarandi „Annað“ frá fengnum dagpeningum.

Hafi starfsmaður fengið greidda dagpeninga fyrir samtals 30 daga eða fleiri á árinu 2001 skulu viðmiðunarfjárhæðir hér að framan lækka um kr. 900 fyrir hvern dag sem dagpeningagreiðslur fara fram yfir 30 daga samfellt. Gildir það bæði varðandi almenna dagpeninga erlendis, dagpeninga vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa og dagpeninga innanlands. Samsvarandi fjárhæð vegna dagpeningagreiðslna innanlands fyrir hálfan dag er kr. 450.

Reykjavík, 4. janúar 2001.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð Sæsilfurs hf. (áður AGVA ehf.) í Mjóafirði, kt. 510200-3140. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 31. ágúst 2007.

Reykjavík, 5. janúar 2001.

Hollustuvernd ríkisins,

Davíð Egilson forstjóri.

*Helgi Jensson forstöðumaður
mengunarvarnasviðs.*

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og
þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 503/1998, með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I við gjaldskrána:

a. Við viðaukann bætist eftirfarandi:

	Gjaldeiningar
Nýtt ADR skírteini, vottorð vegna starfsþjálfunar	3,5
Endurútgáfa ADR skírteina, vottorð vegna starfsþjálfunar	1,7
Garðúðunartæki og álíka búnaður	4,5